



Selfossi 17. október 2025

Efni: Tryggvagata 36 - deiliskipulagsbreyting

Til þess er málið varðar.

Fjölbrautaskóli Suðurlands hefur eftirfarandi athugasemdir við fyrirhugaðar deiliskipulagsbreytingar á Tryggvagötu 36:

Um er að ræða byggingu fjölbýlishúss með allt að 40 íbúðum og 34 bílastæðum. Í fyrsta lagi er ósamræmi milli fjölda íbúða (ef byggðar verða 40 íbúðir) og fjölda bílastæða. Skólinn hefur töluverðar áhyggjur af ásókn íbúa og gesta þeirra að bílastæðum FSu.

Að auki má búast við því að umferðarþungi um Tryggvagötu aukist talsvert. Nú þegar er umferðarteppa við innkeyrslu að bílastæðum FSu á háannatímum, m.a. á morgnana. Skólinn telur að þetta svæði beri ekki mikið fleiri íbúa af þessum sökum og óskar eftir því að breytingin verði endurskoðuð.

Virðingarfyllst,

Soffía Sveinsdóttir

skólameistari

Fjölbrautaskóla Suðurlands